



Fundargerð

184. fundur skipulagsnefndar haldinn í fjarfundi, föstudaginn 12. maí 2023, kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Jón Hrafn Karlsson, Rúnar Þorri Guðnason, Jóhannes Gissurarson, Guðbrandur Magnússon, Elín Heiða Valsdóttir, Óskar Örn Gunnarsson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, .

Formaður setti fundinn, klukkan 17.02 og bauð fundarmenn velkomna.

Almenn mál

1. 1903016 - Eintúnaháls - stofnun lóðar

Lögð er fram umsókn fyrir stofnun nýs lands, Eintúnaháls III sem er 330 ha og er stofnað úr landi Eintúnaháls Inr 163329.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að stofnun lóðarinnar verði samþykkt.

2. 2211020 - Tunga - Umsókn um skipulagsmál - breyting á deiliskipulagi

Fram er lagt uppfærð breyting á deiliskipulagi fyrir Tungu með nýrri vegtengingu í samræmi við umsögn Vegagerðarinnar.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Tungu verði auglýst. Málsmeðferð verði skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um samþykki landeiganda þess efnis að aðkoma að svæðinu liggja að litlu leyti um heimreið að bústöðum við Hæðargarð 1-5.

3. 2302026 - Svæðisskipulag Suðrhálendis - tillaga til kynningar

Svæðisskipulag Suðrhálendis er lagt fram til samþykktar en Svæðisskipulagnefnd Suðrhálendis staðfesti fyrir sitt leyti Svæðisskipulagið þann 5. maí 2023 með tilvísun í 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að Svæðisskipulag Suðrhálendis verði samþykkt til auglýsingar skv. 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17.35.

Fundargerð undirrituð síðar.

Jón Hrafn Karlsson

Rúnar Þorri Guðnason

Jóhannes Gissurarson

Guðbrandur Magnússon

Elín Heiða Valsdóttir